

Fimmtudaginn 27. september 1990.

Nr. 220/1988. **Ragnar Aðalsteinsson hrl.**

f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Gerðaröst hf.

(Kjartan Ragnars hrl.).

Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 14.895,83 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum af 7.309,58 vestur-þýskum mörkum frá 8. júní 1985 til 10. júlí 1985, með sömu vöxtum af 14.895,83 vestur-þýskum mörkum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 432,16 vestur-þýsk mörk í bankakostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var samkvæmt dómssgerðum dómtekið í héraði hinn 19. nóvember 1987, en ekki 11. nóvember 1987, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Óumdeilt er, að Sölustofnun lagmetis pantaði hjá áfrýjanda umbúðir þær, sem mál þetta snýst um. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi falið stofnuninni að panta fyrir sig vörur þessar, og kveður ekkert samningssamband hafa myndast milli sín og áfrýjanda. Áfrýjandi hefur ekki hnekk þessari staðhæfingu stefnda, og eru því ekki efni til að taka kröfur hans til greina. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 65.000 krónur.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG, greiði stefnda, Gerðaröst hf., 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 16. desember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 23009/1986: Indriði Þorkelsson hdl. f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG gegn Gerðaröst hf. á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember sl., hefur Indriði Þorkelsson héraðsdómslögmaður, Ármúla 26, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG, Iserlohn, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á hendur Gerðaröst hf. (2583-8416), Garði, Gullbringusýslu, til greiðslu kaupverðs rækjuumbúða auk vaxta og kostnaðar.

Þann 19. apríl 1985 pantaði Sölustofnun lagmetis umbúðir undir rækjur hjá stefnanda, Rick & Geldsetzer KG, fyrir stefnda. Þann 24. apríl s.á. staðfesti stefnandi pöntunina við Sölustofnun lagmetis. 8. maí 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 7.309,58 þýsk mörk, með gjalddaga 17. maí 1985. Þann 10. maí 1985 sendi stefnandi vörurnar með skipi áleiðis til Íslands. Þann 11. maí sama ár var gefið út farmskirteini, og þann 7. s.m. sendi stefnandi nauðsynleg skjöl, þar á meðal farmskirteini og reikninga, til Landsbanka Íslands. Þann 10. júní 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 7.586,25 þýsk mörk, stílaðan á stefnda. Innheimtutilraunir Landsbankans urðu árangurslausar. Vörurnar voru aldrei leystar út úr tolli. Þann 2. júlí 1986 krafði stefnandinn, Indriði, stefnda um greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og innheimtukostnaði fyrir hönd stefnanda.

Þann 30. júní sl. var hrundið kröfu stefnda um frávísun málsins vegna rangs varnarþings. Varnarþingsákvæði var í söluskilmálum stefnanda. Úrskurðurinn byggðist á því, að stefnandi væri ekki bundinn við varnarþingsákvæði, sem hann setti þannig í eigin þágu í söluskilmála sína.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum fyrir hönd Rick & Geldsetzer KG 14.895,83 þýsk mörk ásamt 9,5% ársvöxtum af 7.309,58 þýskum mörkum frá 8. júní 1985 til 10. júní 1986, með sömu vöxtum af 14.895,83 mörkum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, 432,16 mörk í bankakostnað og kr. 107.022,40 í málskostnað auk dráttarvaxta frá dómsuppsögu af þeirri fjárhæð.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu vegna aðildarskorts, en til vara

lækkunar á stefnufjárhæð og í báðum tilfellum málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi telur, að Sölustofnun hafi pantað umbúðirnar sem umboðsmaður stefnda, en stefndi telur, að um umsýsluviðskipti sé að ræða. Af hálfu stefnda hefur sérstaklega verið mótmælt vaxtakröfu og þeirri málsástæðu, að unnt sé að byggja á viðskiptaskilmálum, sem aldrei hafi verið kynntir fyrir stefnda. Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hafi óbeint viðurkennt greiðsluskyldu sína með tómlæti.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi beint greiðslukröfum gegn stefnda fyrir en 2. júlí 1986. Reglur um réttarmissi vegna tómlætis koma ekki til álita.

Lagðar hafa verið fram dómskýrslur framkvæmdastjóra stefnda og Sölustofnunar lagmetis. Komið hefur fram, að stofnunin hefur umboðsmann í Þýskalandi og seljendur umbúða hafa sent honum próforma reikninga, farmskírteini og flutningsskírteini, en einnig hefur sá háttur tíðkast, að stefnda væru sendir reikningar. Þá hefur komið fram, að sölustofnun hefur viðurkennt ábyrgð sína á greiðslu kaupverðs umbúða.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis byggist á ákvæðum laga nr. 58/1981. Ágreiningslaust er, að Sölustofnun annast umsýsluviðskipti fyrir framleiðendur lagmetis, að því er varðar útflutningsstarfsemi hennar, en ágreiningur er með aðilum um, hvort innflutningur í þeirra þágu teljist umsýsluviðskipti eða umboðsmennska. Samkvæmt e-lið 2. mgr. laga 58/1981 skal Sölustofnun lagmetis annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar, eftir því sem óskað er, og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru. Umsýsluviðskipti geta, hvort heldur er, verið fólgin í því, að umsýslumaður selji eða kaupi vörur af þriðja manni fyrir umsýsluveitanda fyrir hans reikning til að koma á viðskiptum milli umsýsluveitanda og þriðja manns, en þó skapast að jafnaði ekki beint réttarsamband milli þeirra aðila, heldur verður umsýslumaðurinn bundinn gagnvart þriðja manni vegna þeirra löggæringa, sem hann gerir í skjóli umsýslusamningsins. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að beint réttarsamband hafi myndast milli aðila málsins, en hins vegar ber stefnda að lokum að standa skil á verði umbúðanna samkvæmt ákvæðum laga 58/1981.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en jafnframt þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Gerðaröst hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Indriða Þorkelssonar hdl. f.h. Rick & Geldsetzer GmbH & Co. KG.

Málskostnaður fellur niður.